# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til iðnaðarsvæðis I4 Kapelluhraun, nánar tiltekið lóðarinnar Álhellu 1 sem stækkar um 1,2 ha. Landnotkun svæðisins er iðnaðarsvæði I4 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við þau áform sem hér eru sett fram og verður auglýsti samhliða Aðalskipulagsbreytingunni.

**Ástæður breytingarinnar:**
Ástæðan fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins er að stækka þarf lóðina Álhellu 1 til að koma þar fyrir endurvinnslustöð.
Í framkvæmdinni felst m.a. móttaka og geymsla fyrir útflutning á brotajárni, þ.m.t. farartækjum, yfir 1.500 t á ári ásamt uppsetningu málmtætara. Fyrirhuguð starfsemi rúmast ekki innan núverandi afmörkunar svæðisins.
*Nánar er fjallað um fyrirhugaða framkvæmd í 2. kafla greinargerðar aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar.*

**Forsendur:**
Iðnaðarsvæðið I4 Kapelluhraun við Reykjanesbraut er 72,7ha að stærð. Gert er ráð fyrir iðnaði í flokki B3 og vörugeymslum. Svæðið er enn í uppbyggingu og þróun. Lóðir eru almennt stórar og þangað verður beint fyrirtækjum sem þurfa stórar lóðir en ekki stórt húsnæði. Lóðin Álhella 1 liggur á austur mörkum iðnaðarsvæðisins. Á óbyggðu svæði austan við Álhellu 1 liggja háspennu- línur að álverinu. Innan óbyggðs svæðis er aðeins gert ráð fyrir mannvirkja- gerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. *Nánar er fjallað um forsendur og staðhætti í 4. kafla greinargerðar aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar.*

**Stærðarbreyting á landnýtingaflokkum:**
Iðnaðarsvæðið I4 var áður 72,7ha en stækkar inn á óbyggt svæði um 1,2ha til austurs vegna stækkunar lóðarinnar Álhellu1.

*Tafla 7; Yfirlit yfir iðnaðarsvæði í Hafnarfirði*, bls. 50
I4; Kapelluhraun verður með áorðnum breytingum 73,9ha.

Gildandi skipulag

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| I4 | Kapelluhraun | 73 | Þyngri Iðnaðarstarfsemi. K1 lítið byggt, K2 óbyggt |

Breytt skipulag

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| I4 | Kapelluhraun | 73,9 | Þyngri Iðnaðarstarfsemi. K1 lítið byggt, K2 óbyggt |

Skilmálar I4 haldast óbreyttir og ekki eru gerðar breytingar á almennum texta greinargerðar Aðalskipulagsins.

**Umhverfismat:** Framkvæmdin fellur undir tölulið 11.07 í 1. viðauka laga nr. $\frac{111}{2021}$ um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Að mati Skipulagsstofnunar er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

*Fjallað er með nánari hætti um fyrirhugaða framkvæmd, forsendur, skilmála og umhverfisáhrif í skýrslu "Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar" og í greinargerð aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar.*

FYRIR




Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 1:15.000
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014, með áorðnum breytingum.

EFTIR




Mörk breytinga
Mörk skipulagssvæðis
1:15.000

## Skýringar:

- M – Miðbær, miðsvæði
- VÞ – Verslunar- og þjónustusvæði
- S – Samfélagsþjónusta
- I – Iðnaðarsvæði
- AT – Athafnasvæði
- ÍB – Íbúðarsvæði
- H – Hafnarsvæði
- F – Svæði fyrir frístundabyggð
- K – Kirkjugarðar og grafreitir
- E – Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- ÍÞ – Íþróttasvæði
- ÓB – Óbyggð svæði
- AF – Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL – Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP – Opin svæði til sérstakra nota
- V – Vötn, ár og sjór
- VH – Veitur og helgunarsvæði
- FS – Friðlýst svæði
- ÖN – Önnur náttúruverndarsvæði
- HV – Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
- R – Friðlýstar fornminjar
- VB – Vatnsbólasvæði
- VG – Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF – Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- VA – Varúðarsvæði
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstígar
- R – Háspennulína
- R – Jarðstrengur
- V – Aðveituæð vatnsveitu
- H – Aðveituæð hitaveitu
- F – Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- R – Tengivirki
- S – Spennistöð

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
þann: 13.03. 2023

Tillagan var auglýst frá 11.01.2023 til 23.02.2023 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.
þann: 26. Apríl. 2023

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann:____________2023

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
# SVÆÐI: KAPELLUHRAUN BREYTING Á IÐNAÐARSVÆÐI I4


UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR
LILJA GRÉTARSDÓTTIR